



Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga  
Skýrsla stjórnar fyrir 2006



---

## Efnisyfirlit

<b>Félagið</b> .....	<b>4</b>
Hluthafar .....	4
Stjórn.....	5
Starfsfólk .....	5
Skrifstofa .....	5
Starfssvæðið .....	5
<b>Rekstrarumhverfi félagsins</b> .....	<b>6</b>
Samstarf við aðra hluta stoðkerfisins.....	7
Verkefnis- eða samstarfssamningar .....	7
Styrktarsamningar við atvinnulífið .....	8
Vaxtarsamningar.....	8
<b>Verkefni</b> .....	<b>8</b>
Verkefnabókhalda .....	9
Eðli verkefna og umfang.....	9
Alþjóðasamstarf .....	10
Kynningarmál í Þingeyjarsýslu.....	10
<b>Hvatningarverðlaun</b> .....	<b>11</b>
<b>Rekstur ársins 2005</b> .....	<b>11</b>
<b>Rekstrarreikningur ársins 2006</b> .....	<b>12</b>
<b>Efnahagsreikningur 31. desember 2006</b> .....	<b>12</b>

---

**Umsjón skýrslu:** AP

**Ljósmyndir:** AP\Frank Bradford, Hróbjartur Sigurðsson

**Prentun:** Örkin

# Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.

## Aðalfundur félagsins

Gljúfrastofu Ásbyrgi, 15. júní 2007


Á undanförunum árum hafa meginþættir í starfi félagsins milli aðalfunda verið raktir í ársskýrslu stjórnar en ekki miðað við almanaksárið eins og venja er hjá hlutafélagunum. Nú hefur stjórn félagsins ákveðið að breyta þessu og ársskýrslan nú miðuð við almanaksárið 2006. Þar sem síðasti aðalfundur var haldinn óvenju seint, eða 26. september 2006, er þessi ársskýrsla að hluta til endurtekning á síðustu skýrslu.

## Félagið

### Hluthafar

Hluthafar AB í árslok 2006 voru 19.

Nafn	Kennitala	Upphæð	%
Norðurþing	640169-5599	2.738.356	47,6
Byggðastofnun	450679-0389	1.832.970	31,9
Fræ ehf.	500197-2939	183.297	3,2
Þingeyjarsveit	590602-2640	183.297	3,2
Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis	680269-7349	146.638	2,5
Kísiliðjan hf.	610564-0119	122.198	2,1
Sparisjóður S.-Þingeyinga	530990-2149	100.000	1,7
Sparisjóður Þórshafnar	610269-2659	100.000	1,7
Aðaldælahreppur	410169-0619	61.099	1,1
Skútustaðahreppur	600269-1009	61.099	1,1
Svalbarðshreppur	640269-1979	61.099	1,1
Tjörneshreppur	650269-5789	61.099	1,1
Verkalýðsfélag Þórshafnar	490272-2169	24.440	0,4
Tækniþing hf.	610599-3709	18.330	0,3
Björn St. Haraldsson	270950-2569	18.330	0,3
Garðræktarfélag Reykhverfinga	570169-7779	12.220	0,2
Hótel Reynihlið	671261-0119	12.220	0,2
Verslunarmannafélag Húsavíkur	490272-0979	12.220	0,2
Jónas Reynir Helgason	040861-4679	5.000	0,1
		5.753.910	100,0



Aðarfossar

## Stjórn

Aðalfundur AP 2006 var haldinn að Ydölum 26. september. Þar voru kosnir í stjórn Aðalsteinn Árni Baldursson, Bergur Elías Ágústsson, Björn Ingimarsson, Guðmundur Guðmundsson og Pétur Snæbjörnsson. Varamenn Haraldur Bóasson og Daniel Árnason. Á fyrsta fundi stjórnarinnar skipti hún með sér verkum. Var Bergur Elías Ágústsson kjörinn formaður, Pétur Snæbjörnsson varaformaður, og Guðmundur Guðmundsson ritari.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórnin haldið 6 stjórnarfundi, en á almanaksárinu 2006 voru fundir stjórnarinnar 8 að tölu.

## Starfsfólk

Starfsemi AP hefur verið að breytast og eflast á undanförunum misserum. Þetta hefur kallað á breytingar í starfsmannamálum og fjölgun stöðugilda eftir því sem verkefni hafa kallað á og aðstæður leyft. Gjarnan er talað um grunnstarfsemi félagsins, sem er þá atvinnuráðgjöf og tengd viðfangsefni samkvæmt samningum við Byggingastofnun og sveitarfélög, og sérverkefni sem kalla þá á öflun sértekna að einhverju eða öllu leyti.

Í upphafi ársins voru þrjú starfsmenn sem sinntu grunnstarfsemi hjá félaginu í 2,5 stöðugildum. Tryggvi Finnsson framkvæmdastjóri, Gunnar Jóhannesson verkefnastjóri og Kristján Þ. Halldórsson atvinnuráðgjafi í u.þ.b. hálfu starfi. Kristján hætti hjá félaginu í árustmánuði. Krístrún Anna Konráðsdóttir hóf störf í desember 2005 sem verkefnisstjóri í Strandmenningarverkefni (NORCE) í 50% starfi. Krístrún hætti í byrjun ágúst 2006 og flutti suður yfir heiðar. Hallveig B. Höskuldsdóttir var ráðin í byrjun ágúst til að sinna sérverkefnum. Hallveig lauk sínum verkefnum um miðjan desember.

Í október var Ari Páll Pálsson ráðinn til félagsins í stað Kristjáns og þá í fullt starf.

Samkvæmt samningi hefur AP deilt sameiginlegum starfsmanni með Þorgeiri Hlöðverssýni, Jónu Matthíasdóttir sem vinnur við Snjótöfraverkefnið (Snow Magic).

## Skrifstofa


AP er með skrifstofuaðstöðu á 3ju hæð að Garðarsbraut 5 á Húsavík. Þar er félagið í góðu samfélagi nokkurra fyrirtækja og stofnana og er það fyrirkomulag með ágætum. Auk skrifstofuherbergja samnýtir félagið ýmsa aðstöðu með öðrum á hæðinni. Almennur opnunartími skrifstofunnar er virka daga frá 9-12 og 13-17. Vegna eðli starfseminnar t.d. verkefnavinnu eða funda á umfangsmiklu starfssvæði kemur þó fyrir að opnunartíminn breytist.

Það er ástæða til að minna hér á aðalsímanúmer AP sem er 464 0415. Vefsíðan er [www.atthing.is](http://www.atthing.is) og netfang framkvæmdastjóra [tryggvi@atthing.is](mailto:tryggvi@atthing.is).

## Starfssvæðið

Starfssvæði AP þekur um 18% af flatarmáli landsins. Samgönguleiðir eru því býsna langar og ekki alltaf í samræmi við eðlilegar kröfur nútímans. Þarfir og viðfangsefni eru fjölbreytileg og taka að hluta mið af mismunandi aðstæðum á stóru landssvæði.

Fyrir starfsemi eins og AP sinnir er ekki nóg að reka einhverskonar kjarnastarfsemi á skrifstofu heldur eru vettvangsferðir um starfssvæðið mjög mikilvægar. Þetta er um leið tímafrekur þáttur og sífellt þarf að meta hvernig tími, þekking og starfskraftur nýtist sem best og hvernig er hægt að stuðla að sem mestum árangri.



Misjafnt er hvernig beiðnir um aðstoð félagsins koma til en það hefur færst í vöxt að slíkt gerist fyrir milligöngu sveitarfélaganna. Þá hefur aðkoma félagsins að mörgum viðfangsefnum á undanförunum árum greinilega spurst út og verið kynning á starfsemi.

Á árinu 2006 urðu nokkrar breytingar á starfssvæðinu með sameiningu sveitarfélaga. Langanesbyggð varð til eftir sameiningu Skeggjastaðahrepps og Þórshafnarhrepps. Við þetta stækkaði svæði AP en raunar var farið að leita til félagsins frá Bakkafirði áður en sameiningin kom til. Þá varð Norðurþing til við sameiningu fjögurra sveitarfélaga.



## Rekstrarumhverfi félagsins

Starfssemi félagsins hefur verið að vaxa á undanförunum tveimur árum. Þar koma einkum til fyrirferðarmikil sérverkefni.

Þótt starfssemi félagsins sé gjarnan flokkuð í grunnstarfssemi annars vegar og sérverkefni hins vegar, er það auðvitað heildarmyndin og heildarárangur sem máli skiptir þegar upp er staðið. Sérverkefni eru fjármögnuð sérstaklega og í einhverjum tilfellum ráðnir starfsmenn vegna þeirra.

Grunntekjur félagsins voru sem áður samkvæmt samningi við Bygðastofnun annars vegar og sveitarfélögin á starfssvæðinu hins vegar. Þetta dugar þó engan veginn til að standa undir öflugri starfssemi og svara þörfum og aðstæðum á starfssvæðinu. Því þurfti að afla verulegra sértekna.

Atvinnuþróunarfélagið hefur í auknum mæli horft á verkefni sem gefa félaginu möguleika til sértekna, í bland við grunnstarfssemi félagsins. Hér er mikilvægt að hafa í huga að fyrst og fremst er verið að leita leiða til að efla félagið og gera það enn hæfara til að þjónusta svæðið sem best og ná mestum heildarárangri. Ekki er ætlunin að draga úr hefðbundinni grunnþjónustu félagsins við atvinnuráðgjöf eða t.d. aðstoð við frumkvöðla eða nýsköpunarverkefni. En fjárhagsrammi AP hefur verið mjög þröngur og áfram þarf að vinna að því að skapa starfsemi betri rekstrarskilyrði. Það er einfaldlega mjög góð fjárfesting fyrir samfélagið.



Eins og fram kemur annarsstaðar í skýrslunni hefur hlutur ýmissa sérverkefna vaxið í starfssemi AP. Þetta hefur leitt af sér bæði jákvæða þætti en einnig atriði sem neikvæðari eru. Það er óumdeilt að verkefnisskilgreind starfssemi leiðir oftast en ekki af sér góðan árangur þ.e.a.s. ef rétt er að málum staðið og viðkomandi hugmynd góð. Þátttaka AP í alþjóðaverkefnum og útgáfuverkefnum er t.d. metnaðarfull og hefur skilað góðum árangri en henni hefur einnig fylgt nokkur kostnaður fyrir félagið.

Verulegur tími fer í að undirbúa, skipuleggja og fylgja eftir mörgum þessara verkefna. Félagið er ekki nægilega vel



fjármagnað til að standa straum af tímabundnum útgjöldum, en oft koma tekjur inn síðar en kostnaður fellur til og því myndast tímamisræmi í greiðsluflæði. Til að brúa bilið hefur þurft að notast við dýrar leiðir eins og yfirdrátt sem rýrir þá um leið takmarkaða fjármuni sem ætlaðir eru í verkefni.



Mývatn

Godafoss

## Samstarf við aðra hluta stoðkerfisins

Byggðastofnun hefur nú sagt upp, með sex mánaða fyrirvara, samstarfsamningum sínum við atvinnuþróunarfélögin um atvinnu- og byggðaþróun. Jafnframt hefur stofnunin óskað eftir viðræðum við atvinnuþróunarfélögin um nýja samninga. Undirbúningur að endurskoðun á samstarfi atvinnuþróunarfélaganna og Byggðastofnunar er þegar hafinn. Haldinn hefur verið einn fundur framkvæmdastjóra félaganna og Byggðastofnunar. Einnig var farið í kynnisferð til Danmerkur, en Danir hafa nýverið stokkað upp sitt atvinnu- og byggðaþróunarkerfi. Mikilvægt er að Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga búi sig vel undir þessar viðræður.

Fram kom hjá nýjum byggðamálaráðherra á ársfundi Byggðastofnunar að stefnt sé að stefnumótunarvinnu síðar á þessu ári. Vætanlega verður allt stoðkerfi atvinnu- og byggðaþróunar þá skoðað heildstætt enda brýnt að fara í það verkefni.

Starfsmenn AP eru í ágætu samstarfi við Impru nýsköpunarmiðstöð á Akureyri. Einnig er vaxandi samstarf við Þekkingarsetur Þingeyinga, sem myndi þróast enn frekar ef starfsemin væri undir sama þaki.

Hér ber líka að draga sérstaklega fram að mikið og gott samstarf er við ráðunaut Búgarðs sem vinnur á næstu skrifstofu við AP. Fjöldi verkefna eykst þar sem gott samstarf þessara aðila er mjög til bóta. Dæmi um þetta eru ferðaþjónustutengd verkefni í sveitum.

## Verkefnis- eða samstarfssamningar


Samstarfssamningur við Byggðastofnun gerir ráð fyrir sérstökum árlegum verkefnasamningi sem fjallar þá um skilgreint verkefni og greiðslur í samræmi við það. Meginviðfangsefni samningsins fyrir árið 2006 var nýting orkuauðlinda Þingeyjarsýslu.

Í nóvember 2005 var undirritaður verkefnissamningur milli AP, Húsavíkurbæjar og MarkÞings. Megintilgangur verkefnis er að vinna að kynningu Húsavíkurhafnar sem viðkomustaðar fyrir skemmtiferðaskip, ásamt undirbúningi fyrir móttöku þeirra út frá viðskiptalegum forsendum sem taka þá mið af ýmsum mikilvægum þáttum til lengri tíma s.s. skipulagi, framboði af þjónustu, gæðum, samstarfi o.s.v.frv. AP leiðir þessa vinnu en allir aðilar málsins útvega fjármagn vegna kostnaðar hans.

Samkomulag var gert í febrúar við samstarfsnefnd vegna undirbúnings fyrir sameiningarkosningu Skeggjastaðahrepps og Þórshafnarhrepps um tiltekna ráðgjafarvinnu AP.



Krafla



Naustavík

Ferðamálastofa veitir árlega styrki til úrbóta á ferðamannastöðum. AP fékk vilyrði fyrir slíkum styrk á árinu 2006 í tengslum við uppbyggingu nýrra áfangastaða. Byggir þetta á viðfangsefnum Strandmenningarverkefnisins (NORCE).

Í ágúst 2006 var gerður samningur milli AP og Norðurljósa. Megintilgangur er að vinna skipulega og faglega að undirbúningi þess að orkuauðlindir í Þingeyjarsýslu nýtist samfélaginu til hagsbóta. Sérstaklega er horft til þeirrar viljayfirlýsingu sem Húsavíkurbær, IVR og Alcoa undirrituðu 15. maí 2006. Eins og fram kemur á öðrum stað í þessari skýrslu hefur AP komið verulega að verkefnunum "Orkufrekur iðnaður við Skjálfanda" og "Sjálfbært samfélag". Með samningnum er hlutverk AP skilgreint við áframhaldandi undirbúningsvinnu við nýtingu orkuauðlinda. Þetta kallar á aukinn starfskraft hjá AP.

## Styrktarsamningar við atvinnulífið

Ákveðið var á árinu 2005 að leita eftir 3ja ára styrktarsamningum við atvinnulífið og voru bréf þá send til valinna fyrirtækja og síðan aftur á árinu 2006. Viðbrögð voru mjög jákvæð, einkum fyrra árið. Fyrirtækin í þessu verkefni voru 24.



Húsavíkurhöfn

## Vaxtarsamningur

Á undanförunum misserum hafa verið undirbúnir og gerðir sérstakir svæðisbundnir vaxtarsamningar milli stjórnvalda og heimaaðila á hverju svæði. Búið er að gera samninga við öll svæðin á landsbyggðinni nema Þingeyjarsýslu. Fulltrúar AP hafa á undanförunum vikum og mánuðum átt viðræður við fulltrúa Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins vegna hugmyndar um vaxtarsamning sem næði yfir starfssvæði AP. Því miður hafa undirtektir í Iðnaðaráðuneytinu verið dræmar og því bíður þetta brýna þess enn að ná fram að ganga.



Lón í Kelduhverfi



Vaglaskógur

## Verkefni

Viðfangsefni AP eru margvísleg og ekki hægt að gera þeim fullkomin skil í stuttri skýrslu en hér verður stiklað á stóru og farið stuttlega yfir nokkur verkefni. Þrátt fyrir mikla vinnu, góðan vilja, mikinn metnað og sífellda leit að leiðum til að efla félagið er verkefnalistinn að kvöldi oftast en ekki jafn langur og í upphafi dags. Slík er þörfin, eftirspurnin og fyrirliggjandi viðfangsefni.



## Verkefnabókhald

Haldið er utan um verkefni í sérstöku verkbókhaldi sem gefur um leið sýn yfir umfang starfseminnar, tímanotkun og áherslur á hverjum tíma.

### Eðli verkefna og umfang

Ákveðið hlutfall viðfangsefna hjá starfsfólki AP felst í ýmiskonar smáþjónustu sem veitt er ýmist í gegnum síma, viðtölum á skrifstofu eða með heimsóknnum til viðkomandi. Ekki er haldið sérstaklega utan um fjölda þessara verkefna enda illmögulegt.

Hluti af starfseminni felst í að fylgjast með, safna gögnum, vinna úr þeim og miðla upplýsingum. Á þessu starfsári var talsvert unnið í umgjörð slíkra verkefna m.a. með sérstökum gagnagrunni með upplýsingum um atvinnulífið. Áfram þarf að halda á þessari braut að búa til "verkfæri" til nota í starfinu.



Grenjanesvíti á Langanesi



Voladalstorfa á Tjörnesi

Með aukinni áherslu AP á svæðisbundin verkefni, nýtingu auðlinda í þágu héraðsins, þátttöku í alþjóðasamstarfi, stefnumótun, útgáfu kynningarefni og aðkomu að markaðssetningu svæðisins, hefur mynd verkefna eðlilega breyst. Meira er um það nú en áður að félagið hafi frumkvæði að álitlegum verkefnum t.d. með því að stuðla að samstarfi, greiningu og nýtingu nýrra tækifæra, og markvissari kynningu. Með þessu er verið að reyna að efla uppgang á viðkomandi svæðum, skapa betri farveg og möguleika fyrir fyrirtæki og þjónustuaðila og auka um leið heildarvirði starfssvæðisins.


Vel yfir 100 verkefni voru á einhverju vinnslustigi á árinu 2006. Verkefnum hefur farið fjölgandi en þar sem eðli þeirra og umfang er mjög breytilegt er ekki allskostar rétt að bera eingöngu saman fjölda verkefna milli ára. Auk þess var nú aukin áhersla á skráningu tíma á einstök verkefni. Í töflunni hér að neðan má sjá samandregnar niðurstöður úr tímaskráningu fyrir 2006.

Verkefni	Hlutfall	Tímar
Alþjóðleg þróunarverkefni	28,1%	2.351
Innanhússverkefni; rekstur, orlof, fundir o.fl.	18,7%	1.562
Ýmis verkefni skv. verkbókhaldi	19,3%	1.612
Nýting orkuauðlinda	10,7%	897
Smáverkefni og þjónusta ósundurliðuð	8,2%	682
Kynningar- og markaðsmál	7,6%	635
Samstarfsverkefni með sveitarfélögum	7,4%	618
Samtals:	100,0%	8.356

## Alþjóðasamstarf

Þátttaka AP í alþjóðlegum verkefnum hefur verið umtalsverður þáttur í starfseminni á undanförunum misserum. Verkefni Snjótófrar (Snow Magic) og Strandmenning (Northern Coastal Experience) eru mjög góð þróunar- og markaðsverkefni sem keyrð eru innan Norðurslóðaáætlunar ESB (NPP). Bæði þessi verkefni hafa skilað miklum árangri og vakið athygli.

“Samþætt áætlanagerð á norðlægum slóðum” er NPP verkefni sem Byggðastofnun og Skipulagsstofnun eru aðilar að og leituðu m.a. til AP um tiltekna aðkomu. Verkefnisheitið er Spatial Planning & Development (Spatial Planning in Northern Peripheral Regions) og fjallar m.a. um skipulagsaðferðir sem beitt er innan Evrópubandalagsins til þess að ná fram sameiginlegum viðhorfum, samstöðu og framtíðarsýn. Stefnt er að því að út úr verkefninu komi áherslur fyrir heildaráætlanir og sameiginlegur gagnabanki í rafrænu formi, að hluta á rafrænum kortum sem nýtast mun við áætlanagerð á Íslandi og til samanburðar milli svæða innanlands og í Evrópu.



Mývatnssveit

## Kynningarmál í Þingeyjarsýslu



Upplýsingaskilti við Leirhöfn

Á undanförunum misserum hefur verið unnið að nokkrum kynningarverkefnum í samræmi við stefnu stjórnar félagsins frá 2004. Áherslan hefur verið á faglegt og gott kynningar- og upplýsingaefni sem þá undanfara öflugra markaðsstarfs og betra aðgengi að upplýsingum.

Á árunum 2004-2006 var unnið að 7 korta seríu sem nefnd var “Útivist og afþreying”. Síðara áfanga verkefnisins lauk 2006 og eru þessir kortabæklingar nú allir í söludreifingu. Innan ramma Strandmenningarverkefnis var gefinn út bæklingur vorið 2006 um fugla á strandsvæðum Þingeyjarsýslu. Viðtökur voru mun betri en gert var ráð fyrir. Þá voru útbúin upplýsingaskilti til að setja á fjóra af þeim fuglaskoðunarstöðum sem nefndir eru í bæklingnum. Fleiri skilti munu líta dagsins ljós.

Á árinu var gefinn út upplýsingabæklingur um Þingeyjarsýslu – Norðausturland. Tekur hann yfir svæðið frá Þingeyjarsveit að Langnesbyggð. Undirbúningur tók lengri tíma en áætlað var en útkoman var ágæt bæklingur sem fengið hefur mjög góðar viðtökur. Megináhersla var á dreifingu innan héraðs og í næsta nágrenni, en einnig var bæklingum dreift víða um land.

Þá var nokkuð magn send til ferðaskrifstofa erlendis eftir að óskir frá þeim höfðu borist. Í framhaldi af því var unnin styttri útgáfa á frönsku.



Eitt af því mikilvægasta varðandi slíkt kynningar- og markaðtengt efni eru myndir. Aðgengi góðra mynda af starfssvæðinu hefur verið nokkuð ábótavant og því var sérstaklega unnið í því á árinu að taka myndir, m.a. út frá ákveðnum þemum eða fyrirsjáanlegri notkun. Vefur um Þingeyjarsýslu / Norðausturland er í undirbúningi m.a. með því efni sem hér hefur verið lýst.

Ásamt því að standa fyrir gerð kynningarefnis hefur AP komið æ meira að þátttöku í sýningum eða kynningarfundum. Þetta er liður í að kynna svæðið enn betur en áður, annað hvort út frá tilteknu þema eða svæðinu sem heild (fjölbreytileika þess). Langstærsta verkefnið á þessu sviði var þátttaka á 10 daga sölusýningu í Caen í Frakklandi í september 2006. Þar fékk Þingeyski básinn og einkum framlag jólasveinanna í Mývatnssveit mikla athygli bæði sýningargesta og fjölmiðla. Meginviðfangsefni Snjótöfraverkefnisins var rauður þráður í framlagi Þingeyinga en jafnframt fléttað saman fleiri áhugaverðum þemum t.d. ströndin og strandmenningin, og fjölbreytileiki landslags og náttúru.

## Hvatningarverðlaun

Í tengslum við aðalfundinn 2007 verða Hvatningarverðlaun AP afhent í sjötta skipti. Markmiðið með verðlaununum er að hvetja einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir til nýsköpunar og til að ná árangri í rekstri.



Dettifoss

## Rekstur ársins 2006

Ársreikningur AP fyrir 2006 sýnir svipuð umsvif og árið áður, en á árinu 2005 varð mikil breyting á umsvifum félagsins, fyrst og fremst vegna umfangsmikilla sérverkefna. Tekjur ársins voru 45,8 milljónir, þar af 11,4 milljónir samkvæmt samningi AP við Bygðastofnun og 5,0 milljónir vegna samstarfssamninga við sveitarfélögin. Styrktarsamningar við starfandi fyrirtæki á svæðinu voru 750 þús. Verkefnatengdir styrkir urðu 28,7 milljónir á árinu 2006.



Súla við Langanes

## Rekstrarreikningur ársins 2006

	Skýr	2006	2005
<b>Rekstrartekjur</b>			
Styrkir frá Byggðastofnun .....		11.395.003	12.655.000
Samstarfssamningar við sveitarfélög .....		5.042.000	4.867.000
Atvinnuleysistryggingasjóður .....		0	3.461.835
Kísilgúrsjóður .....		350.000	350.000
Verkefnastyrkir og aðrir styrkir .....	6	27.685.346	18.369.325
Framlag fyrirtækja .....		750.000	1.050.000
Seld þjónusta .....		590.940	0
Aðrar tekjur .....		36.000	4.382.062
		<u>45.849.289</u>	<u>45.135.222</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4	22.200.675	32.583.049
Yfirstjórn og sameiginlegur kostnaður .....	9	5.432.985	4.332.966
Verkefni .....	9	18.311.436	8.896.780
Afskriftir .....	2	115.978	248.566
		<u>46.061.074</u>	<u>46.061.361</u>
<b>Rekstrartap</b>		(211.785)	(926.139)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		17.356	51.244
Vaxtagjöld .....		(865.037)	(175.867)
		<u>(847.681)</u>	<u>(124.623)</u>
<b>Tap af reglulegri starfsemi fyrir skatta</b>		(1.059.466)	(1.050.762)
Tekjuskattur .....		0	0
<b>Tap ársins</b>		<u>(1.059.466)</u>	<u>(1.050.762)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2006

<b>Eignir</b>	Skýr.	<u>2006</u>	<u>2005</u>
<b>Fastafjármunir</b>			
Áhættufjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	2		
Tölvubúnaður .....		326.787	442.765
		<u>326.787</u>	<u>442.765</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		326.787	442.765
<b>Veltufjármunir</b>			
Verk í vinnslu .....	1	5.062.908	5.415.492
Viðskiptakröfur .....	7	3.227.943	2.137.784
Aðrar skammtímakröfur .....		1.729	0
Fyrirfram greidd laun .....		247.751	405.190
Handbært fé .....		578.872	0
		<u>9.119.203</u>	<u>7.958.466</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>9.445.990</u></u>	<u><u>8.401.231</u></u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2006

<b>Eigið fé og skuldir</b>	Skýr.	<u>2006</u>	<u>2005</u>
<b>Eigið fé</b>	3		
Hlutfé .....		5.753.910	5.753.910
Ójafnað tap .....		(7.671.284)	(6.611.818)
		<u>(1.917.374)</u>	<u>(857.908)</u>
 <b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		3.270.190	3.493.169
Viðskiptaskuldir .....	8	5.071.889	2.434.044
Ýmsar skammtímaskuldir .....		3.021.285	3.331.926
		<u>11.363.364</u>	<u>9.259.139</u>
 <b>Skuldir samtals</b>		11.363.364	9.259.139
 <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>9.445.990</u>	<u>8.401.231</u>

Í júní 2007,  
Bergur Elías Ágústsson  
formaður stjórnar



